

### 3. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2021

Fundur haldinn í Safnahúsinu á Eyrartúni, laugardaginn 8. maí 2021, kl. 12:00

Mættir voru: Guðfinna, Guðni, Hlynur, Jónas, Sólrún, Þorsteinn.

#### 1. Undirbúningur fyrir aðalfund.

Deildir hafa haldið aðalfundi og verður sá síðasti á morgun. Tvær deildir þurfa að halda framhaldsaðalfundi þar sem illa gengur að manna stjórnir. Þetta er áhyggjuefni, sérstaklega hversu erfiðlega gengur að fá unga foreldra til starfa.

Aðalfundur Vestra verður haldinn í Vallarhúsinu á Torfnesi mánudaginn 10. maí 2021, kl. 20:00. Allir sitjandi stjórnarmenn gefa kost á sér áfram, kjósa þarf Hjalta, Hlyn og Jónu Lind sem aðalmenn til tveggja ára og Jónas og Þorstein sem varamenn til eins árs.

Guðni fór yfir ársreikning félagsins og er niðurstaðan tap að upphæð 36 þúsund krónur. Félagið á þó enn inni rúma milljón hjá Ísafjarðarbæ vegna framkvæmda í Vallarhúsi. Guðfinna talar við Hjalta um að klára að ganga frá þessu svo hægt sé að lagfæra það í bókhaldinu. Ársskýrsla og reikningar verða birt á heimasíðunni og aðgengilegt þar fyrir fundarmenn á aðalfundinum.

Rætt um félagsgjaldið og samþykkt að leggja til að það verði áfram kr. 2.000.

Ljóst er að ekki koma peningar frá bænum vegna húsaleiguskuldarinnar í ár þannig að deildir sitja uppi með 1½ húsaleigu árið 2021. Fyrr í vetur var ákveðið að Covid styrkur knattspyrnudeildarinnar skiptist 70/30 á milli barna- og unglingaráðs og meistaraflokks þar sem engar leiguíbúðir hafa verið á vegum yngri flokkanna. Þar af leiðandi er húsaleiguskuld hjá meistaraflokki knattspyrnudeildar og körfuknattleiksdeild en blakdeild og hjólréiðadeild eiga inneign.

Guðfinna fór á formannafund HSV í vikunni. Þar var farið yfir ýmis gögn vegna ársþings, m.a. lögð fram drög að ársreikningi og tillögur fyrir þingið. Rætt var um hversu gott væri ef Vestri hefði starfsmann til að létta á stjórnnum deilda. Seint á síðasta ári var kallað eftir framtíðarstefnu vegna Torfnessvæðins en ekkert hefur frést af störfum þeirrar nefndar eða hvað hafi orðið um þær tillögur sem skilað var inn. Ekki er að sjá að knattspyrnuhús rísi á næstunni og viðhaldi íþróttamannvirkja er víða ábótavant. Íþróttaaðstaða þarf að vera boðleg og vera samkeppnisfær við það sem gerist annars staðar. Það er ekki nóg að hafa atvinnutækifæri til að laða ungt fólk að – innviðirnir þurfa að vera í lagi - skólar, íþrótt- og tómstundastarf er það sem fjölskyldufólk horfir til þegar það velur sér búsetu. Mikið sjálfböðastarf er unnið innan íþróttahreyfingarinnar í sveitarfélaginu en sú vinna er ekki alltaf metin að verðleikum og jafnvel töluð niður.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:40

Fundarritari: Sólrún Geirsdóttir.